

en þá var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða skv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigbór Guðjónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá og með 1. október 1974.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. október 1976.

Nr. 66/1976. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Svavari Bjarnasyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson,
Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur borið brigið á, að blóðsýni það, sem í rannsókn málsins er talið varða hann, sé úr honum tekið, og staðhæfir hann, að mistök hljóti að hafa átt sér stað. Sakargögn veita eigi vísbendingu um, að neitt sé tortryggilegt við blóðtöku, vörslu blóðsýnis og úrvinnslu eða skýrslutöku í því sambandi. Að svo vöxnu ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um sakfellingu ákærða og færslu á háttsemi hans til refsíákvæða.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt refsíákvæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, og nú samkvæmt 1. gr. laga nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún

hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Svavar Bjarnason, greiði 50.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12. daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. október 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 14. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 700/1975: Ákærvaldið gegn Svavari Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. maí sl., gegn ákærða, „Svavari Bjarnasyni, tæknifræðingi, Laugarnesvegi 78, Reykjavík, fæddum 26. júlí 1943 þar í borg, fyrir að aka, aðfaranótt þriðjudagsins 1. janúar 1974, undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 26562 frá Laugarnesvegi 78 áleiðis að Dalalandi, þar til lögreglan hafði afskipti af honum á Borgartúni við mót Kringlumýrarbrautar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1961 25/10 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

1965 18/2 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

1966 15/3 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt þriðjudagsins 1. janúar 1974, kl. 0430, veittu lög-reglumennirnir Eiríkur Beck og Þorlákur Runólfsson, er voru staddir í lögreglubífreði á gatnamótum Borgartúns og Kringlumýrarbrautar, athygli bifreiðinni R 26562, er beygt var af Borgartúni inn á Kringlumýrarbraut. Vegna þess að rúður bifreiðarinnar voru þaktar snjó, töldu þeir ástæðu til að hafa tal af öku-manni og stöðvuðu akstur bifreiðarinnar. Við stjórn hennar var Svavar Bjarnason, ákærði í máli þessu. Að sögn Eiríks Becks, er hafði tal af ákærða, lagði allsterkan áfengisþef frá vitum hans. Ákærði var færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu hjá lögreglu-varðstjóra, en að því búnu var tekið úr honum blóðsýnishorn til alkóhólrannsóknar, og var það merkt nr. 2.

Við yfirheyrsluna hjá lögregluvarðstjóra skýrði ákærði frá því, að hann hefði drukkið á Kleppsvegi 36 og heima hjá sér kvöldið áður á tímanum frá kl. 1900—2400 2 glös af rauðvíni og eina blöndu af gin. Taldi ákærði sig ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Í skýrslu varðstjóra segir enn fremur, að ógreini-legur áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, hann fólur og augu hans vot. Hins vegar var jafnvægi ákærða stöðugt, málfar skýrt og frásögn greinargóð. Öndunarpróf, sem gert var á ákærða til að kanna alkóhólneyslu, sýndi III. og IV. stig.

Ákærði hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi verið að koma umrædda nótt á bifreiðinni R 26562 frá Laugarnesvegi 78 og verið á leið að Dalalandi. Á Borgartúni við mót Kringlumýrarbrautar stöðvaði lögreglan akstur hans. Ákærði skýrir svo frá áfengisneyslu sinni, að hann hafi á tímanum frá kl. 1830—2000

að kvöldi 31. desember 1973 drukkið með mat að Kleppsvegi 36 tvö glös af rauðvíni. Ákærði man ekki, hvort um venjuleg rauðvinsglös var að ræða eða vatnsglös. Ákærði minnst þess ekki að hafa fundið til áfengisáhrifa af drykkju þessari. Þá kveðst ákærði rétt fyrir miðnætti hafa drukkið heima hjá sér tvöfaldan skammt (sjúss) af gin, er blandað var í Coca-Cola. Ákærði kveðst hafa fundið til áfengisáhrifa af drykkjunni, en ekki orðið drukkinn. Ákærði neytti ekki áfengis eftir þetta um nóttina. Hann kveður áfengisáhrifin hafa horfið, skömmu eftir að hann neytti ginblöndunnar. Hafi hann ekki fundið til neinna áfengisáhrifa, er hann hóf akstur bifreiðar sinnar, R 26562, frá heimili sínu að Laugarnesvegi 78 rétt fyrir kl. 0430 um nóttina. Ákærði neytti ekki annars áfengis 31. desember, og ekki neytti hann neins áfengis 30. desember. Ákærði mótmælir algerlega niðurstöðu alkóhólranssóknarinnar á blóðsýnishorninu úr honum. Ákærði kveðst vera 178 cm á hæð og nú 75 kg að þyngd. Geti þyngd sín ekki hafa breyst frá því hann ók umrætt sinn og þar til nú, nema um 1 kg til eða frá.

Eiríkur Beck lögregluþjónn hefur mætt í dóminum sem vitni og staðfest það, er að framan greinir. Vitnið kveðst ekki muna eftir ölvunareinkennum á ákærða að undanskildu því, að áfengislykt var af honum.

Vitnið Þorlákur Runólfsson lögregluþjónn kveðst muna eftir því, að vínlykt var af ákærða, en að öðru leyti man hann ekki eftir ástandi hans.

Verjandi ákærða óskaði eftir, að svofelld spurning yrði lögð fyrir Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands:

„Getur niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða í máli þessu, þ. e. 1.65% magn alkóhóls í blóði, samræmt því, sem fram er komið í málinu hjá ákærða og lögreglumönnum um engin sjáanleg áfengisáhrif og neyslu tveggja glasa af rauðvíni með mat fyrir kl. 20.00 daginn áður og ca 4 sentilítra af gini fyrir miðnætti sama dag, miðað við hæð og þyngd ákærða, svo og þess, að blóðsýnið var tekið kl. 05.45 daginn eftir?“

Svar rannsóknastofunnar var á þessa leið:

„Rannsóknastofu í lyfjafræði hefur borist bréf yðar, dagsett 9. sept. 1975. Að okkar áliti er Læknaráð sá aðili, er hæfastur er til að svara spurningu bréfsins.

Til upplýsingar skal þó greint frá, hve mikið alkóhól (etanól) ætla megi, að hafi verið í þeim vínföngum, er í spurningunni greinir (1), og hve langan tíma ætla megi, að taki að brenna því (2).

- (1) Hér er talað um 2 glös af rauðvíni. Ekki fylgja upplýsingar um stærð glasa né tegund rauðvins, en að áætla glasið 200 ml og styrkleika vinsins 10 g etanóls í 100 ml gæti verið nærri lagi. Svarar það til um 40 g etanóls í rauðvíninu. Þá er minnst á 40 ml (4 sentilítra) af gini, er svarar til um 13 g af etanóli. Samtals verða það 53 g eða með nokkrum vikmörkum 45—60 g af etanóli.
- (2) Ef gert er ráð fyrir að 7—8 g af vínanda (etanóli) eyðist á hverri klukkustund, mætti ætla, að það gæti tekið um 8 klst. að brenna umræddu vínandamagni“.

Alkóhólmagnnið í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða og merkt nr. 2 samkvæmt gögnum lögreglu, var 1.65‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýnishorninu úr ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali, þrátt fyrir neitun hans. Hefur hann með því orðið brotlegur gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 daga varðhald.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 18. mars 1974 með tilvísun til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem ætla mátti, að hann hafi orðið brotlegur gegn 1. eða 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Með bréfi, dagsettu 23. júlí 1974, fór ákærði þess á leit við sakadóm Reykjavíkur, að ákvörðunin yrði felld úr gildi, þar til dómur hefði gengið í málinu. Hann hefði gert ítarlegar tilraunir til að fá málinu flýtt, en án árangurs. Hinn 6. ágúst sama ár kvað Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara, upp þann úrskurð, að framangreind ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðaökuleyfissviptingu ákærða skyldi felld úr gildi. Segir svo í úrskurðinum:

„Aðfaranótt þriðjudagsins 1/1 s.l. var Svavar Bjarnason, f. 26/7 1943, kærður fyrir ölvun við akstur. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar voru 1.68‰ (sic) í blóði hans við akstur bifreiðar.

Kærði vefengir, að þessi niðurstaða geti staðizt og telur, að um mælingarskekkju eða rugling á blóðsýnum sé að ræða.

Samkvæmt skýrslu lögregluvarðstjóra var ógreinilegur áfengisbefur af Svavari eftir handtöku. Önnur áfengisáhrif sáust ekki á honum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík svipti kærða ökuréttindum til

bráðabirgða 18/3 s.l. Þennan úrskurð hefur nefndur Svavar kært í dag.

Verði kærði sakfelldur samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, má gera ráð fyrir, að hann verði sviptur ökuréttindum í eitt ár frá 18/3 s.l. Eftir er að taka skýrslu af vitnum í máli þessu. Gera má ráð fyrir, að nokkrir mánuðir líði, áður en málið kemur til dóms.

Með tilliti til þess, að Svavar Bjarnason hefur kært úrskurð lögreglustjórans í Reykjavík, og með tilvísun til þess, sem að ofan greinir, þykir ekki rétt, að kærði sæti sviptingu ökuréttinda lengur“.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi. Þykir ökuleyfissvipting hans hæfilega ákveðin í 1 ár, en rétt þykir, að bráðabirgðaökuleyfissvipting ákærða, er stóð frá 18. mars—6. ágúst 1974, komi til frádráttar henni.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dómari málsins fékk það í hendur eftir útgáfu ákæru hinn 9. maí sl. og hefur engin afskipti haft af rekstri þess fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Ákærði, Svavar Bjarnason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár. Til frádráttar ökuleyfissviptingunni komi ökuleyfissvipting ákærða frá 18. mars—6. ágúst 1974.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.